

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Samflots bæjarstarfsmannafélaga**

(Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Starfsmannafélag Dala- og Snæfellssýslu, Starfsmannafélag Fjallabyggðar, Starfsmannafélag Fjarðabyggðar, Starfsmannafélag Húsvíkur og Starfsmannafélag Vestmannaeyja)

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Samflots bæjarstarfsmannafélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga í Borgartúni 30, þann 30. mars 2015.

Mætt var frá Samfloti starfsmannafélaga, Guðbjörn Arngrímsson, Gylfi Guðmundsson og Helga Hafsteinsdóttir. Frá SNS: Benedikt Valsson og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

**1. Mat á menntun starfsmanns íþróttamannvirkja hjá sveitarfélagi**

Erindi frá stéttarfélagi. Viðkomandi starfsmaður óskaði eftir því árið 2010 að fá meistararéttindi sín í málaraíðn metin til persónuálags, með þeim rökum að málaramenntunin nýttist í starfi m.a. vegna þekkingar á meðferð eiturefna. Ósk starfsmannsins var hafnað á þeim tíma, en ákvörðunin endurskoðuð í apríl 2014 og launaröðun hans breytt frá 1. janúar 2014.

Félagið fer fram á að laun starfsmannsins verði leiðrétt afturvirk frá maí 2010.

**Niðurstaða:**

Fulltrúar SNS munu vinna að lausn málsins með sveitarfélaginu.

**2. Röðun starfsmanna í sundlaug sveitarfélags**

Erindi frá stéttarfélagi. Ágreiningur er um röðun starfsmanna í sundlaug. Um er að ræða fimm starfsmenn sem allir vinna samkvæmt sömu starflýsingu, sem gengur næst skilgreiningu á sundlaugarverði I í starfsmati og raðast í lfl. 123:

### *Sundlaugarvörður I 325 stig*

*Starfar við öryggisgæslu í sundlaug. Helstu verkefni eru öryggisgæsla við sjónvarpsskjá og laug auk eftirlits með öryggiskerfum. Önnur verkefni geta verið afgreiðsla og baðvarsla. Starfsmaður þarf að hafa lokið námskeiði í skyndihjálp og hafa staðist sundpróf.*

Fjórir af fimm starfsmönnum hafa lokið námskeiði í skyndihjálp og staðist sundpróf, sem krafa er gerð um samkvæmt skilgreiningu starfsins í starfsmati. Þrátt fyrir það hefur þremur af starfsmönnum verið raðað í lfl. 119 sem baðvörður í íþróttamannvirki, samkvæmt eftirfarandi skilgreiningu í starfsmati:

### *Baðvörður í íþróttamannvirki 292 stig*

*Starfar við almenna gæslu í íþróttahúsum og/eða sundlaugum. Helstu verkefni eru að hafa almennt eftirlit með viðskiptavinum, t.d. nemendum, fylgja eftir umgengisreglum húsnæðis, annast ræstingu o.fl.*

Stéttarfélag fer fram á leiðréttingu launa þessara þriggja starfsmanna, fjögur ára aftur í tímann hjá tveimur þeirra og þess þriðja frá upphafi ráðningar hans á árinu 2014.

### **Niðurstaða:**

Fulltrúar SNS munu skoða málið milli funda.

### **3. Starfsaldur samkv. gr. 10.2.2**

Erindi frá SAMFLOTI. Félagið telur deildar meiningar um hvort tímavinnufólk fái starfsaldur unninn í tímavinnu metin til starfsaldurs þegar/ef það fær fastráðningu.

### **Niðurstaða:**

Samkvæmt skýringarkassa með gr. 10.2.2 segir að starfstími tímavinnufólks sé ekki metinn til persónuálagsstiga.

Aðilar eru sammála um að taka málið upp í komandi kjaraviðræðum.

### **4. Heimþjónusta, akstur með skjólstæðinga**

Erindi frá SAMFLOTI. Spurt er hvort hægt sé að skylda starfsmann til að nota eigin bifreið við að aka skjólstæðingum.

### **Niðurstaða:**

Ekki er hægt að skylda starfsmann til að nota eigin bifreið í þágu vinnuveitanda, nema það hafi verið tilgreint sem skilyrði ráðningar í starf. Verði samkomulag milli vinnuveitanda og starfsmanns um afnot af bifreið hans, skal greiða fyrir það samkvæmt akstursdagbók.

Fleira ekki gert og fundi slitið.